



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Vinstri grænna um yfirlit yfir fjölda leikskólakennara.

Á fundi borgarráðs, 1. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna:

Óskað er eftir yfirliti yfir fjölda starfandi leikskólakennara í borgar- og einkareknum leikskólum.

Svar:

Í desember 2023 voru 433,8 stöðugildi leikskólakennara með leyfisbréf í borgarreknu leikskólunum, þar af eru 65 stöðugildi leikskólastjóra. Alls eru 1.708 stöðugildi við störf í borgarreknu leikskólum.

Samkvæmt upplýsingum sem var aflað frá sjálfstætt starfandi leikskólunum í janúar voru starfandi 70,8 stöðugildi leikskólakennara með leyfisbréf af 356,2 stöðugildum alls.